


**Bókasafn VMA  
2020**

# Bókasafn Verkmenntaskólans á Akureyri

## Yfirlit um starfsemi safnsins. Fylgir ársskýrslu 2020



# **Bókasafn Verkmenntaskólans á Akureyri**

## **Yfirlit um starfsemi skólaársins 2019-2020**

### **Fylgir ársskýrslu 2020**

#### **Starfstími**

Starfstími safnsins hefst um miðjan ágúst og endar viku eftir skólalok á vorin. Safnið er opið frá 8:00 – 18:00 á mánudögum til fimmtudaga en á föstudögum er safnið opið frá 8:00-15:00.

Fastir starfsmenn safnsins voru tveir. Forstöðumaður í 100% stöðu og bókaforstjóri í 80% stöðu á haustmíssi en sinnti alþjóðamálum í 20% stöðu, en var þó með fulla viðveru á safninu. Á vormíssi fór bókaforstjóri í 50% kennslu samhlíða starfi sínu á bókasafninu en var á safninu þess á milli. Skert viðvera bókaforstjóra dregur úr möguleikum á að öðrum verkefnum sé sinnt, t.d. nýskráningu bóka og en það kom minna að sök þar sem safnið var lokað nemendum frá miðjum mars vegna samkomubanns. Nemendur unnu 8 klst. á viku á safninu.

Starfsfólk þennan vetur var:

Hanna Þórey Guðmundsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur  
Jóhannes Árnason, framhaldsskólakennari

Heiðrún Ásta Torfadóttir, nemandi

Margrét Eva Helgudóttir, nemandi

Sonja Lind Guðmundsdóttir, nemandi

Hildur Helga Logadóttir, nemandi

#### **Hlutverk safnsins**

Hlutverk bókasafnsins er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Meginhlutverk starfsfólks bókasafnsins er að kenna og kynna upplýsingalæsi, gera safnkost aðgengilegan, tryggja

næði nemenda sem nýta safnið til lærdóms og lána út bækur og tölvur. Nemendur er líka duglegir að nýta safnið sem athvarf, enda er gott að slappa af í notalegu umhverfi.

### **Skráning og tenging safnkosts við Gegni**

Áfram hélt sú vinna að tengja safnkostinn við Gegni. Ef að bók safnsins er ekki skráð í Gegni er auðvelt fyrir notendur að draga þá ályktun bókin sé ekki til og því er mikilvægt að klára að skrá og tengja öll eintök safnsins. Mjög fljótlegt er að tengja eintök en nýskráningar geta tekið drjúgan tíma. Því þarf að meta áður en bók er nýskráð hvort hún sé líkleg til þess að vera notuð af safngestum framtíðarinnar. Allt íslenskt efni er þegar skráð í Gegni og þá er nóg að tengja en gamalt sérhæft efni sem t.d. tengist verknámi þarf oft að frumskrá. Á skólaárinu var farið í gegnum 921 flokkinn – ævisögur og allt þar tengt og skráð. Einnig var sagnfræðin kláruð (flokkur 920-999).

Árið 2012 var safninu gefin vegleg bókagjöf frá Elsu E. Guðjónsson og Þór Guðjónssyni. Þær bækur voru komnar í hillur, merktar og aðgengilegar notendum. Hafist var handa við að flokka þær (Dewey), tengja við Gegni eða nýskrá. Mikið af þessum bókum eru gamlar bækur erlendis frá og því ekki til í Gegni og því mun þessi skráningavinna taka mikinn tíma. Þessu verður haldið áfram með föstum verkefnum næstu misseri. MikroMarc sem lengi var notað samhliða Gegni var ekkert notað á árinu og verður ekki notað meira.

Hjá Landskerfi bókasafna, sem reka Gegni, hefur mikil vinna farið fram við val og undirbúning á innleiðingu á nýjum Gegni. Núverandi Gegnir er komin til ára sinna og stenst ekki þær kröfur sem nútíminn setur. Starfsmenn bókasafnsins fóru á kynningarfund hjá Landskerfi bókasafna þar sem farið var yfir stöðu innleiðingarinnar og kerfið, sem varð fyrir valinu, kynnt en það

heitir Sierra og er frá Innovative. Í byrjun árs var svo tilkynnt að Ex Libris hefði keypt Innovative en kaupin raska innleiðingu kerfisins en leitargáttin sem stóð til að nýta með Sierra verður ekki þróuð meir. Stefnt var á að taka kerfið í notkun í upphafi árs 2021 en þessar hrókeringar munu að öllum líkindum raska því. Lánþegar ættu þó ekki að finna mikið fyrir þessum breytingum en nýja kerfið ætti að vera mun notendavænna fyrir starfsfólk bókasafna.



Hrekkjavökustemming á safninu í nóvember

## Útlán:

Heildarútlán jukust á skólaárinu þrátt fyrir viðvera nemanda hafi, sökum samkomubanns, verið minni á vorönn en í hefðbundnu skólaári. Þessi aukning skýrist að mestum hluta af því að mikil aukning er í útlánum á fartölvum. Í upphafi skólaárs átti bókasafnið 6 fartölvur til að lána nemendum. Við skólabyrjun bættust við tvær tölvur og þegar líða fór á veturinn var mjög algengt að allar fartölvurnar væru í láni og nemendur kæmu að tómmum kofanum. Því voru 6 nýjar Chrome book tölvur keyptar og eru þær í stöðugu útláni. Nú gerist það mjög sjaldan að allar tölvur séu í notkun. Útlán í vetur voru 4301 og þar af útlán á tækjum 2958 en það eru fartölvur, heyrnartól, reiknivélar, teikniborð og laust diskdrif. Algengt er að nemendur fái tölvu í einn tíma til að vinna

verkefni og því er algengt að sama fartölvun sé lánuð oft út til mismunandi notenda allt upp í átta skipti sama daginn. Nemendur fá bækur lánaðar til ritgerða- og verkefnavinnu og einstaka til yndislesturs. Nemendur koma líka til að fá kennslubækur ef bók hefur gleymst heima en það er stefna safnsins að eiga eitt eintak af hverri kennslubók sem hægt er að fá í dægurlán.

Töluvert er um að starfsfólk bókasafnsins tíni til á bókavagna safnefni fyrir einstaka verkefni og ritgerðir og þá er það efni nýtt á safninu án þess að það fari í formleg útlán og telji í tölfraeðinni. Þetta sparar nemendum vinnu við að finna sjálfir til heimildir og tryggir að allir nemendur hafi jafnan aðgang að efnum, en ekki er reiknað með að nemendur fái safnefni í útlán ef efnið er á vagni og fleiri þurfi að nota það.



Bókasafnið í jólaskapi

## **Kennsla í upplýsingatækni**

Allir nýnemar komu í safnakynningu sem hluta af náminu í lífsleikni eins og undanfarin ár. Hverjum hóp var skipt í tvennt og fengu þeir annars vegar fræðslu um upplýsingaleit m.a. í Gegni og mikilvægi þess að vera gagnrýnninn við val á heimildum og hins vegar almenna kennslu um hvernig hægt er að finna efni á safninu. Allir nemendur unnu svo verkefni sem felur í sér leit í tölvum og í bókum safnsins og gekk það vel hjá nemendum. Þetta eru margir hópar og mörg andlit en það gefur starfsfólki bókasafnsins mikið að ná að kynna safnið og tengjast nýnemum í upphafi annar. Á vorönn fór áhersla í upplýsingalæðiskenndu til lokaverkefnisnema. Flestir hópar sem vinna að lokaverkefni fengu kennslu um hvernig er best að leita af heimildum t.d. á leitir.is og hvar.is og hvað beri að hafa í huga við leit á heimildum og hvernig val og meðferð heimilda skiptir sköpum við vinnslu lokaverkefna. Það er mikilvægt að ná til nemenda á þessum tímamarki og ef þeir tileinka sér gagnrýnin og vönduð vinnubrögð við heimildaleit fyrir lokaverkefni þá mun það gagnast þeim í námi og starfi í framtíðinni. Sífellt meira af efni verður aðgengilegt á netinu með ári hverju og því er þessi kennsla mikilvæg og gott að geta beint nemendum á að auðvelt sé að taka falsfréttir alvarlega ef slakað er á gagnrýnni hugsun.

## **Vefsíða safnsins:**

Í gegnum tíðna hefur mikið af gagnlegu efni verið gert aðgengilegt nemendum á vefsíðu bókasafnsins. Á árinu var farið yfir tenglasafnið og tenglar endurnýjaðir eða eytt út ef um brotnar slóðir eða úrelt efni var að ræða. Vonandi gefst ráðrúm til þess á komandi vetri að endurnýja efni síðunnar og jafnvel endurskipuleggja.



## **Samkomubann**

Vormisseri 2020 var óvenjulegt. Samkomubann skall á um miðjan marsmánuð og þá hurfu nemendur úr skólanum. Á þessum tíma voru nemendur í óðaönn að hefja skrif á verkefnum og ritgerðum. Auglýst var að í samkomubanni væri þjónusta safnsins áfram í boði fyrir nemendur og sjálfsagt væri að skanna inn bókarkafli og tímaritsgreinar og senda nemendum. Í upphafi var þetta nýtt töluvert en er líða fór á samkomubannið minnkað þetta enda sniðu kennarar verkefni nemenda að aðstæðum. Nokkrir nemendur fengu tölvur í langtímalán á meðan á samkomubanni stóð. Þessar skrýtnu aðstæður gáfu ráðrúm til vinnu á bókasafninu sem ekki er auðvelt að komast í þegar mikill tími fer í þjónustu og útlán. Tíminn var nýttur í grisjun og tiltekt. Létt var á hillum í kaffistofu og skrifstofu. Skáldsögur á íslensku þurft líka meira pláss og það var grisjað og fært til í hillum til að þær kæmust betur fyrir. Gömul tímarit út geymslu fengu nýja lífdaga á listnámsbraut og vonandi sjáum við þau í listaverkum framtíðarinnar. Aðeins var grisjað úr hillum og sett í kassa í geymslunni, en það var skráð á rétta staði og ætti því að vera aðgengilegt þegar á þarf að halda.





## Ritver

Á vormisseri hófst formlega starfsemi Ritvers og þótti fara vel að hafa það inni á bókasafninu. Undirbúningur hafði staðið yfir á vorönn 2019 og haustönn 2020 og fékkst styrkur til að hleypa verkefninu af stað.

Ritverinu er ætlað að styðja við nemendur í ritgerða- og verkefnavinnu og var þessari nýjung vel tekið af nemendum og kennurum. Ritverið var opið í tvær kennslustundir í hádeginu fjóra daga vikunnar og stóðu Ásbjörg Benediktsdóttir og Kristjana Pálsdóttir kennarar vaktina. Hægt var að fá aðstoð við heimildaleit, heimildaskráningu, tilvitnanir, uppsetningu og fráganga verkefna. Starfssemin fór vel af stað og er mikilvæg viðbót við þjónustu nemenda við skólann og einkar ánægjulegt að fá þessa þjónustu inn á safnið.

## Fréttabréf

Í gegnum tíðina hefur bókasafnið auglýst nýjar bækur á póstlista starfsmanna. Því var haldið áfram í vetur en upplýsingarnar settar í form fréttabréfsins Bókafrétta til að geta haft myndræna framsetningu og bætt inn öðrum fréttamolum frá safninu. Gefin voru út 3 fréttabréf á árinu en stefnan er að gefa út 2 fréttabréf á önn í framtíðinni.



Við upphaf skólaárs kvaddi Sigríður Sigurðardóttir (Sirrý) safnið eftir 32 farsæl ár í starfi. Hanna Þórey tók við mjög góðu búi enda hefur safninu og notendum þess verið sinnt af mikilli alúð í gegnum tíðina. Þó að bókasafn taki einhverjum breytingum með aukinni áherslu á tækni og bættu aðgengi að rafrænum upplýsingum þá er gott þjónustig og notalegur andi það sem skiptir meginmáli og verður lögð áhersla á það nú sem endranær. Hildur Friðriksdóttir sem starfað hefur á bókasafninu frá 2016 var í leyfi þennan vetur og Jóhannes Árnason framhaldsskólakennari sinnti starfi bókavarðar í hennar stað. Þó að báðir starfsmenn safnsins væru nýjir þennan vetur þá leystist úr öllu farsællega enda Jóhannes með mikla og fjölbreytta reynslu úr skólastarfinu og Hanna Þórey með góða þekkingu í bókasafns- og upplýsingafræðinni.



